

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um framtíðarhóp í menntamálum

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að hefja undirbúning að stofnun framtíðarhóps í menntamálum Reykjavíkurborgar sem leggi grunn að nýrri aðgerðaáætlun menntastefnu fyrir tímabilið 2022-2024 og taki til umfjöllunar í því sambandi helstu sóknarfæri, álitamál og umbótaverkefni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar til náinnar framtíðar. Framtíðarhópurinn verði skipaður fulltrúum skóla- og frístundasviðs og helstu aðila í skólasamfélaginu, s.s. barna og unglinga, foreldra, kennara og annars starfsfólks, stjórnenda, fræðasamfélagsins, aðila vinnumarkaðarins og kjörinna fulltrúa allra flokka í skóla- og frístundaráði. Eitt af verkefnum framtíðarhóps verði að leggja mat á framgang innleiðingar menntastefnu Reykjavíkurborgar og áforma næstu skref. Hópnunum er ætlað að tryggja að áherslur innleiðingar og aðgerðaráætlun verði samofin „Græna planinu“ sem nú er í mótun fyrir Reykjavíkurborg sem og þeirri gerjun sem átt hefur sér stað í menntamálum jafnt héraðs sem erlendis á liðnum misserum. Sviðsstjóri leggi fram tillögu um skipan fulltrúa í framtíðarhóp og drög að erindisbréfi með tímasetningum eigi síðar en 10. nóvember 2020. Starfshópurinn skili niðurstöðum vinnu sinnar eigi síðar en í nóvember 2021.

Greinargerð

Menntastefna Reykjavíkurborgar 2018-2030 var unnin í víðtæku samráði við skólasamfélagið í Reykjavík, börn og ungmenni, foreldra, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, innlenda og erlenda sérfræðinga auk þess sem tekið var á mótí ábendingum, hugmyndum og tillögum almennings á vefgáttinni Betri Reykjavík. Talið er að nærri 10 þúsund manns hafi komið að mótun menntastefnunnar en sú vinna hefur víða vakið athygli (sjá m.a. [King, 2019](#)).

Samhliða samþykkt menntastefnunnar „Látum draumana rætast“ voru lagðar fram almennar aðgerðir sem lögð var áhersla á að yrðu hryggjarstykkið í innleiðingu stefnunnar fyrstu þrjú árin. Þegar hefur verið unnin samantekt fyrir fyrsta ár innleiðingarinnar sjá [janúar til júní 2019](#) og [júní til desember 2020](#). Von er á þriðju samantektinni í desember 2020 vegna yfirstandandi árs en vegna Covid-19 var ákveðið að gerð yrði ein heildarsamantekt fyrir þetta ár.

Nú þegar fyrsta tímabil innleiðingar á menntastefnunni og almennum aðgerðum er að renna sitt skeið er mikilvægt að staldra við, meta árangurinn hingað til og ákveða næstu skref. Nauðsynlegt er að horfa til framtíðar með hliðsjón af þeim samfélagsbreytingum sem orðið hafa ekki síst í tengslum við áskoranir sem blasa við vegna Covid-19, efnahagslegar og umhverfislegar áskoranir sem og mikilvægi þess að skólasamfélagið allt nýti sér þau tækifæri sem felast í innleiðingu stafrænnar tækni. Um leið þarf að greina innlendar og alþjóðlegar áherslur, nýja þekkingu og reynslu á sviði formlegrar og óformlegrar menntunar og tryggja að þær nái inn í reykvískt skóla- og frístundastarf.

Í vinnu framtíðarhópsins þarf að byggja á því víðtæka samráði sem átti sér stað við mótun menntastefnunnar þannig að framtíðarsýn og aðgerðaráætlun til næstu þriggja ára verði líkt og áður unnin í nánú samstarfi við helstu aðila í skólasamfélaginu. Framtíðarsýn og aðgerðaráætlun verði samofin þeim áherslum sem ráðgert er að leggja í „Græna planinu“ og sett fram með skýrum mælanlegum markmiðum.